

Mánudaginn 15. júlí 1918.

Nr. 27/1918.

Magnús Guðmundsson  
 gegn  
 Torfa J. Tómassyni.

D ó m u r :

Yfirdómsstefnan í máli þessu hefir ekki verið birt fyrir stefnda Torfa J. Tómassyni, en á stefnuna hefir yfirdómsmálaflutningsmaður Páll Jónsson skrifað hann taki á móti stefnu í málinu með samþykki stefnda. Það er þó engin sönnun sýnd fyrir því, að stefndi hafi veitt þetta samþykki og verður því að lita svo á, að honum sé óstefnt í málinu, enda er það ósannað, að hann hafi fengið nokkra vitneskju um málsskotið, en það leiðir til þess, að málinu verður ex officio að vísa frá yfirdóminum, og fellur málskostnaður eftir þessum úrslitum niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Máli þessu víasast frá yfirdómi, málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 15. júlí 1918.

79/1917.

Stjórn hlutafélagsins »Herjólfur«  
 gegn  
 Guðmundi Ólafssyni.

## D ó m u r :

Mál þetta höfðaði hinn stefndi, Guðmundur Olafsson yfirréttarmálaflutningsmaður í Reykjavík, fyrir aukarétti Vestmannaeyjasýslu gegn áfrýjendum stjórnendum hlutafélagsins »Herjólfur« í Vestmannaeyjum, þeim Magnúsi Guðmundssyni útvegsbónda, Þorsteini Jónssyni útvegsbónda, Gísla Lárussyni gullsmið, Sveini Scheving hreppstjóra og Halldóri Gunnlaugssyni héraðslækni, öllum í Vestmannaeyjum, til þess að fá þá dæmda til, að viðlögðum dagsektum, að gera sér sem eiganda að 95 hlutabréfum í félaginu reikningsskil á hag h/f. Herjólf, og greiða sér þá upphæð, sem hann samkvæmt þeirri reikningsgerð ætti inni hjá félaginu ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir réttarins mati.

Þessu máli lauk svo með dómi nefnds réttaruppkveðnum 19. maí 1917, að áfrýjendurnir, stjórnendur h/f. Herjólf voru dæmdir til þess að viðlögðum 5 kr. dagsektum innan 2 mánaða frá lögbirtingu dómsins að gera grein fyrir hag félagsins og greiða síðan hinum stefnda það, sem honum ber að tiltölu af hreinni eign félagsins, og var málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hafa framannefndir stjórnendur h/f. Herjólf skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. sept. f. á., og krafist þess að hinn áfrýjaði dómur verði úr gildi feldur og að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda, Guðmundar Ólafssonar, og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins.

Stefndi hefir frá sinni hálfu krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfir dómi eftir mati réttarins, en með því að hann hefir eigi áfrýjað málinu, getur krafa hans um málskostnað fyrir undirrétti ekki komið til álitá.

Hlutafélagið Herjólfur var stofnað í þeim tilgangi að reka verzlun í Vestmannaeyjum, en eftir því sem fyrir liggur virðist það hafa verið ákveðið á félagsfundi haustið 1913 að leysa upp félagið sökum þess, að það var komið í svo miklar skuldir, að ekki þótti fært að halda verzlunarrekstrinum áfram, að minsta kosti verður að telja það viðurkennt í málinu, að félagið hafi hætt verzlunarstarfsemi sinni fyrir eða um 1. desbr. nefnt ár. Og þá stjórndum félagsins, áfrýjendum þessa máls, samkvæmt lögum þess, að koma eignum þess í peninga, innheimta útistandandi skuldir og greiða skuldir þær, er á félaginu hvíldu, en afgangurinn átti að skiftast milli hluthafa eftir rétttri tiltölu við hluta- eða stofnbréfaeign hvers félagsmanns. Er málið risið út af því að stefndi, sem er eigandi að 95 hlutabréfum í félaginu, að upphæð 25 kr. hvert, krafðist þess að stjórn félagsins gerði honum grein fyrir hag félagsins og greiddi honum það, er honum bæri í sinn hluta af tekjuafganginum, en áfrýjendur neituðu að taka þá kröfu til greiða.

Áfrýjendur byggja sýknukröfu sína fyrst og fremst á því, að stefndi sé eigi réttur eigandi hlutabréfanna með því að framsalið til hans sé ógilt, fyrir þá sök að vanrækt hafi verið að bjóða stjórn félagsins bréf þessi til kaups, en samkvæmt 6. gr. í lögum félags-

ins eigi stjórnin fyrir hönd félagsins forkaupsrètt á þeim; stefndi eigi því enga kröfu á hendur félaginu eða stjórn þess. Hlutabréf þessi átti upphaflega Jón Einarsson kaupmaður á Gjábakka í Vestmannaeyjum, en hann framseldi bréfin dr. phil. Alexander Jóhannessyni 3. ágúst 1916, en hann framseldi þau aftur stefnda 23. s. m., en með því að stjórn félagsins hefir með bréfi dags. 6. nóv. 1912 hafnað því að kaupa umgetin hlutabréf og lýst því yfir að eigandanum Jóni Einarssyni væri heimilt að selja þau öðrum, verður þessi sýknunarástæða ekki tekin til greina, með því líka líta verður svo á, að úr því félagið var hætt störfum og stjórn þess hafði ekki annað verkefni en að koma eigum þess í peninga og greiða áhvilandi skuldir, þá hafi það legið fyrir utan verk-svið hennar að kaupa hlutabréf félagsins fyrir þess hönd.

Þá halda áfrýjendur því fram, að stjórn félagsins sé ekki skyld til þess að gera stefnda einum út af fyrir sig reikningsskil fyrir hag félagsins, með því að slík skylda hvíli að eins á stjórninni gagnvart félaginu í heild sinni en ekki gagnvart hverjum einstökum félagsmanni, og loks halda þeir því fram, að að svo stöddu sé ekki unt að gera upp hag félagsins bæði sökum þess að ekki hafi verið unt að innheimta að fullu útistandandi skuldir þess og skilagrein ókom-in frá málaflutningsmönnum þeim, er fengnir hafi verið til að innheimta skuldirnar, svo og sökum þess að félagið eigi í máli út af mikilli fjárhæð, er enn sé óútkljáð.

Í 9. gr. í lögum félagsins, er lögð hafa verið fram

í málinu, er ákveðið að á aðalfundi félagsins skuli leggja fram til úrskurðar ársreikning félagsins og efnahagsreikning. Í 14. gr. laganna er ákveðið, að stjórnin beri ábyrgð fyrir félaginu og eftir 21. gr. sömu laga er það einungis almennur fundur félagsmanna, er getur ákveðið að leysa upp félagið, og þá er slíkt hefir verið ákveðið er í sömu grein mælt svo fyrir, að stjórnin eigi að annast um að koma eignum félagsins í peninga og sjá um greiðslu skulda.

Eftir eðli málsins og ofangreindum ákvæðum í lögum félagsins verður að líta svo á, að stjórnin einnig að þessu leyti beri ábyrgð gagnvart félaginu eða lögmætum fundi, og eigi að leggja lokareikning félagsins fyrir almennan fund hluthafa til úrskurðar, en af þessu virðist auðsætt, að það eru einungis félagsmenn á lögmætum félagsfundi, er geta krafist reikningsskila af stjórninni en ekki einstakir félagsmenn, nema því að eins að félagslögin veiti þeim heimild til þess, en þar sem ekkert slíkt ákvæði er í lögum h.f. Herjólfis, verður að fallast á þá skoðun áfrýjendanna að þeir sjeu ekki skyldir til þess að gera stefnda reikningsskil fyrir hag félagsins svo sem hann hefir krafist.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjanda dóm úr gildi og sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda, en eftir málavöxtum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Það athugast að málið var lagt í dóm í héraði 19. jan. 1917, en dómur var ekki kveðinn upp í því fyr en 19. maí s. á. og hefir undirdómarinn ekki fært neinar ástæður fyrir þessum drætti. En með

Því dómáranum hefir ekki verið stefnt til ábyrgðar út af meðferð málsins verður hann ekki látinn sæta ábyrgð fyrir þennan drátt á uppsögn dómsins.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjendurnir, stjórn hlutafélagsins Herjólfur, þeir Magnús Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Gísli Lárusson, Sveinn Scheving og Halldór Gunnlögsson skulu vera sýknir af kærnum og kröfum stefnda, Guðmundar Ólafssonar yfirréttarmálaflutningsmanns, í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 29. júlí 1918.

Nr. 15/1918.

Sigfús Sveinsson fyrir hönd  
Sigfússonar-verzlunar  
    gegna  
Ingólfi Einarssyni.

D ó m u r :

Áfrýjandi þessa máls, Sigfús Sveinsson verzlunarstjóri fyrir hönd Sigfússonar-verzlunar á Norðfirði, gerði samning 20. jan. 1916 við Guðjón Símonarson, Einar Brynjólfsson og Jón Bjarnason, alla á Nesi í